



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Rhapsody in Blue

12. maí 2016





MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

### Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og aðgengilegir í Sarpinum á [ruv.is](http://ruv.is).

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu í Sjónvarpi Símans og aðgengilegir áskrifendum útsendinganna í kjölfarið.

### Áætluð tímalengd verka:

Candide, forleikur: 4´

Úr On the Town: 11´

Rhapsody in Blue: 17´

Adagio fyrir strengi: 8´

Appalachian Spring: 25´

Mynd á kápu © Ari Magg

Aðalstyrktaraðili:

**GAMMA**



@icelandsymphony

#sinfó

[www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is)

# Rhapsody in Blue

Tónleikar í Eldborg 12. maí 2016 » 19:30

**JoAnn Falletta** hljómsveitarstjóri

**Orion Weiss** einleikari

**Leonard Bernstein**

*Candide, forleikur (1956)*

*Þrír dansþættir úr On the Town (1944/1946)*

*The Great Lover*

*Lonely Town: Pas de deux*

*Times Square: 1944*

**George Gershwin**

*Rhapsody in Blue (1924)*

Hlé

**Samuel Barber**

*Adagio fyrir strengi (1936)*

**Aaron Copland**

*Appalachian Spring, svíta (1945)*

## JoAnn Falletta

hljómsveitarstjóri



JoAnn Falletta er aðalhljómsveitarstjóri Fílharmóníu-sveitarinnar í Buffalo og Sinfóníuhljómsveitar Virginíu ásamt því að vera aðalgestastjórnandi Brevard-tónlistar-miðstöðvarinnar. Falletta er margverðlaunuð fyrir hljómsveitarstjórástörf sín og afkastamikil í að kynna tónlist okkar tíma. Hún hefur stjórnað yfir 500 verkum amerískra tónskálda og frumflutt ríflega 100 þeirra. Falletta hefur verið gestastjórnandi liðlega hundrað hljómsveita í Norður-Ameríku og margra mikilsmetinna hljómsveita í Evrópu, Asíu, Suður-Ameríku og Afríku. Á starfsárinu 2015-16 kemur hún í fyrsta sinn fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands ásamt Þjóðarhljómsveitunum í Perú og Kólumbíu.


JoAnn er samningsbundin Naxos-útgáfufyrirtækinu sem hefur gefið út yfir 90 diska með henni. Diskar Falletta hafa unnið til tveggja Grammy-verðlauna og hlotið tíu Grammy-tilnefningar. Á starfsárinu 2016-17 mun Naxos og útgáfufyrirtæki Buffalo-fílharmóníunnar, Beau Fleuve, gefa út diska undir stjórn Falletta með tónlist eftir Strauss, Novak, Stravinskíj, Tsjajkovskíj og Beethoven. JoAnn hefur unnið náðið með Orion Weiss píanóleikara og hafa þau tekið upp tvo diska fyrir Naxos með tónlist eftir Gershwin. Falletta hefur stjórnað þremur diskum með Kvennafílharmóníunni. Upptaka hennar af verkum eftir Fanny Mendelssohn, Clöru Schumann, Lili Boulanger og Germaine Tailleferre hlaut verðlaun sem besta klassíska upptakan frá Samtökum sjálfstætt starfandi plötudreifenda.

JoAnn er einn fárra hljómsveitarstjóra sem er gítarleikari og hefur hún lagt sig fram um að auka tækifæri ungra klassískra gítarleikara. Alþjóðlega gítarkeppnin í Buffalo, sem var sett á laggirnar 2004, ber nafn hennar, og er hún haldin á tveggja ára fresti. Framundan hjá Falletta eru meðal annars tónleikar á Spáni og Finnlandi ásamt upptökum með Útvarpshljómsveit Berlínar og Lundúnarsinfóníunni. Stuttu fyrir komu hennar til Íslands var JoAnn þjóðkjörin í Amerísku lista- og vísindakademíuna.

## Orion Weiss

einleikari



 @orionweiss

Píanóleikarinn Orion Weiss er einn af eftirsóttustu einleikurum yngri kynslóðarinnar í Bandaríkjunum. Hann hefur komið fram með öllum stærstu hljómsveitum vestan hafs meðal annarra sinfóníuhljómsveitunum í Chicago og Boston, Fílharmoníusveit Los Angeles og New York-fílharmoníunni. Weiss er annálaður fyrir fágaðan og listrænan flutning sem hefur aflað honum alþjóðlegrar viðurkenningar.


Weiss var sæmdur nafnbótinni Listamaður ársins af yngri kynslóðinni af Classical Recording Foundation 2010. Auk þess að koma fram á hinu sinfóníska sviði hefur hann leikið með Orpheus-kammerhljómsveitinni og á dúó-sumartónleikum Fílharmoníuhljómsveitarinnar í New York bæði í Lincoln Center og á Bravo! Vail Valley-hátíðinni auk þess að koma fram á Ravina-tónlistarhátíðinni, Kammertónlistarhátíð Seattle og La Jolla-sumarhátíðinni.

Weiss er þekktur fyrir ástúð sína og áhuga á kammertónlist en hann leikur reglulega með eiginkonu sinni, píanistanum Önnu Polonsky, James Ehnes, fiðluleikara og sellóleikaranum Zuill Bailey. Hann kemur einnig fram með Pacifica-kvartettinum.

Weiss hefur hlotið ýmiss verðlaun og styrki og má þar nefna Gilmore Young Artist-verðlaunin og Avery Fisher-styrkinn auk Gina Bachauer-styrksins við Juilliard-skólann. Í febrúar 1999 kom Weiss fyrst fram með Cleveland-hljómsveitinni og lék fyrsta píanókonsert Liszts. Mánuði síðar, með minna en sólarhrings fyrirvara, hljóp hann í skarðið fyrir André Watts og lék annan píanókonsert Shostakovitsj með Sinfóníuhljómsveit Baltimore. Honum var strax boðið að koma aftur til að flytja píanókonsert Tsajkovskíjís í október sama ár. Hann útskrifaðist 2004 frá Juilliard-skólanum þar sem hann nam hjá Emanuel Ax.

## Leonard Bernstein

Candide & Þrír dansþættir úr On the Town



Leonard Bernstein (1918–1990) afrekaði margt um ævina en sjálfur var hann stoltastur af árangri sínum sem kennari. Hann þyrsti í fróðleik og naut þess að miðla honum til annarra. Bernstein nægði ekki að semja tónlist og stjórna hljómveitum, hann varð að tjá sig um tónlistina og áhrifamátt hennar. Því var það að hann fór þess á leit við CBS-sjónvarpsstöðina árið 1957 að sýna frá *Young People's Concerts* með Fílharmóníusveit New York-borgar. Sjónvarpið og Bernstein voru hið fullkomna tvíeyki því tónleikarnir nutu geysilegra vinsælda í Bandaríkjunum þar sem fjölskyldufólk flyktist að skjánum til að hlýða á Bernstein tala um klassíska tónlist á besta mögulega útsendingartíma.

Bernstein heillaðist af alls kyns tónlist og skrifaði jazzaða tónlist fyrir tónleikasali og sinfóníska tónlist fyrir Broadway-uppfærslur. Hann var óhræddur við svokallaðan bræðing og samdi tónlist sem var stútfull af laglínunum og ágengri hrynjandi, órafjarri tólftónatónlistinni sem átti upp á pallborðið um miðja síðustu öld. Hann samdi jafnt fyrir smáa hljóðfærahópa og sinfóníuhljómveitir, söngleikjasvið og óperu. Bernstein var mikill mannvinur og friðarsinni og endurspeglar tónlist hans það lífsviðhorf ásamt því að bera með sér ákveðin karaktereinkenni sem ef til vill eru auðþekkjanlegust í *Sögu úr Vesturbænum*. Þó Bernstein sé frá Massachusetts hefur því verið fleygt að tónlist hans „hljómi að hætti New York-búa og ástúð hans á Evrópu og virðing fyrir rússneskum og gyðinglegum bakgrunni sé aldrei langt undan“.

Bernstein lýsti því yfir að hann þræði að semja hina einu sönnu amerísku óperu. Hann komst sennilega næst því með gamanóperettunni *Candide*. Óperettan byggir á samnefndri skáldsögu Voltaires en í henni segir frá ungum manni, *Candide*, hrakförum hans og ástinni, Cunégonde. Óperettan þótti heldur þung og flókin og nægði aðsókn á Broadway ekki fyrir útlögðum kostnaði. Tapið var Bernstein þó léttbært

í samanburði við þunga dóma gagnrýnenda og dræmar viðtökur. Áheyrendahópurinn stækkaði þó í hvert sinn sem óperettan var endurrituð. Forleikurinn hefur hins vegar notið mikillar hylli allt frá upphafi og varð á skömmum tíma eftirlæti á efnisskrám hljómsveita víða um lönd.

*On the Town* sló í gegn á Broadway 1944. Áður en söngleikurinn var frumsýndur hafði MGM-samsteypan keypt kvikmyndaréttinn og bíómynd með Gene Kelly og Frank Sinatra í aðalhlutverkum kom út árið 1949. Söngleikurinn sem þótti byltingarkenndur á margan hátt gekk samfleytt í 14 mánuði. Bernstein var fyrsta símfóníutónskáldið til að semja amerískan söngleik og þar komu einnig í fyrsta sinn fram leikarar og dansarar af ólíkum kynþáttum í jafngildum hlutverkum. Hljómsveitarstjórinn, Everett Lee, var fyrsti blökkumaðurinn sem gegndi stöðu hljómsveitar- og tónlistarstjóra á Broadway og stúlkan í aðalhlutverkinu „*All-American-Girl*“ var af amerísku og japönsku bergi brotin sem eitt og sér þótti mjög djarft á tímum stríðsátaka Bandaríkjamanna og Japana.

---

## Tónlistin á Íslandi

Forleikurinn að *Candide* hefur hljómað 11 sinnum í meðförum Símfóníuhljómsveitar Íslands. Fyrst heyrðist forleikurinn 1984 undir stjórn Roberts Henderson en síðast 2009 á Vínartónleikum undir stjórn Markúsar Poschner. Dansþættirnir þrjú úr *On the Town* hafa ekki hljómað sem svíta á tónleikum Sí áður. Einn dansanna, Times Square, hefur þó verið leikinn átta sinnum og það á sama árinu, 1997. Dansinn var leikinn á skóla- og utanbæjartónleikum sveitarinnar.

Bernstein tók saman þrjú dansa fyrir hljómsveit úr söngleiknum. Hann stýrði frumflutningi dansanna með Símfóníuhljómsveit San Francisco 1946 og skrifaði eftirfarandi í tónleikaskrá: „Það lá í hlutarins eðli að dans væri í aðalhlutverki í söngleiknum, *On the Town*, þar sem hugmyndin að honum spratt af velgengni ballettsins, *Fancy Free*. Ég tel að þetta sé fyrsti Broadway-söngleikurinn í sögunni sem hefur sjö eða átta dansþætti í tveggja þátta verki sem leiðir til þess að kjarna verksins er að finna í þessum dösnum. Ég hef valið þrjú þeirra í tónleikasvítu. Þeir eru á sinn hátt símfónísk verk sem sjaldan verða á vegi þeirra sem koma á söngleiki. Í söngleiknum segir frá þremur dátum í sjóhernum sem eru í sólarhringsleyfi í New York og ævintýrum þeirra í stórborginni sem borgarbúar taka sem gefnum hlut.“



## George Gershwin

Rhapsody in Blue



---

### Tónlistin á Íslandi

Rhapsody in Blue hefur hljómað yfir tug skipta á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar. Fyrsti píanistinn sem flutti verkið með SÍ var Ásgeir Beinteinsson (1960) undir stjórn Bohdans Wodiczko í Þjóðleikhúsinu. Síðan hefur verkið verið flutt á áskriftartónleikum sveitarinnar, á Listahátíð og með Kristni Erni Kristinssyni (1993) á Egilsstöðum undir stjórn Gunnsteins Ólafssonar. Síðast hljómaði verkið á tónleikum ungra einleikara 2011 en þá mundaði Bernharður Wilkinson sprotann og einleikshlutverkið var í höndum Birgis Þórissonar.

Brooklyn-undrið George Gershwin (1898–1937) bjó yfir einstökum tónlistargáfum og sagði að „fleiri laglínur væru í kollinum á sér en hann gæti sett á blað á hundrað árum“. Markmið Gershwins var að flétta saman jazzi og klassískri tónlist - að færa Tin Pan Alley, helsta vígi tónlistarútgefanda og lagasmiða á Manhattan, í Carnegie Hall. Hann óf tónvefnað sinn úr jazz, ragtime og blús og hélt áfram fordæmalausri leit sinni við að sameina klassíkina og hið söluvænlega allt til dauðadags. Þegar yfir lauk skrifaði vinur Gershwins og aðdáandi Arnold Schönberg: „Tónlistin var loftið sem hann andaði að sér, maturinn sem nærði hann, drykkurinn sem hressti hann við. Tónlistin vakti upp tilfinningar hjá honum og tónlistin var tilfinningin sem hann tjáði...“

Árið 1919 samdi Gershwin fyrsta söngleik sinn *La La Lucille* og fyrsta smellinn, *Swanee*. Hann hafði gefið tóninn og aftur varð ekki snúið. Í kjölfarið fylgdi hver metsölusöngleikurinn á fætur öðrum þar sem bróðir hans Ira var iðulega höfundur texta. Fyrir Gershwin var jazzinn ákveðinn tjáningarmáti og rapsódían, sem er frjálust rómantískra forma, kjörin til að sameina ólíka hljóðheima. Útkoman var „jazzkonsertinn“ *Rhapsody in Blue*, glæsistykki fyrir píanó og hljómsveit sem öðlaðist fádæma vinsældir. Gershwin sagði sjálfur um rapsódíuna að hún væri einskonar „kviksjá amerískrar tónlistar“ og sem slík endurspeglaði hún suðupott ólíkra tónlistarstíla. Leikmáti klarínetsins í byrjun rapsódíunnar er eitt auðþekkjanlegasta upphaf nokkurs verks í tónbókmenntunum. Sagan segir að Gershwin hafi skrifað upphafstaktana sem trillu og á eftir fylgdi 17 tóna tónstigi. Eitthvað þurfti að endurtaka upphaf rapsódíunnar oft á æfingunni og fór Ross Gorman klarínnettuleikara í Paul Whiteman-hljómsveitinni, sem fyrst flutti rapsódíuna, að leiðast þófið og breytti upphafinu í þá tilkomumiklu byrjun sem við þekkjum í dag.





## Tónlistin á Íslandi

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur flutt *Adagio* Barbers sex sinnum á árunum 1974-2009, síðast undir stjórn Hannu Lintu. Önnur verk Barbers sem hafa verið á efnisskrám SÍ eru: Fiðlukonsertinn sem leikinn var af Sigrúnu Eðvaldsdóttur undir stjórn Baldurs Brönnimann (2003), Knoxville, sumarið 1915, *School for Scandal* og nú síðast *Essay no. 1* undir stjórn Brönnimanns (2014).

## Samuel Barber

Adagio fyrir strengi


Samuel Barber (1910–1981) er eitt fárra tónskálda sem var söngvari að mennt. Tónsmíðastíll hans þótti auðþekkjandlegur; nútímalegur en aldrei tilraunakenndur. Barber var hefðbundnastur amerískra tónskálda á sínum tíma, tónverk hans voru áheyrileg og hann þótti næmur fyrir hinu lagræna. Hann var dáður og naut mikillar velgengni og var sannkallað uppáhald tónleikagesta sem kunnu vel að meta blæbrigðaríka tónlist hans. Barber tilheyrði engum skóla, klíku eða samtökum og þó hann hafi ekki verið sporgöngumaður sem slíkur þá var hann mikill áhrifamaður í tónlistarlífi vestanhafs.

Árið 1936, þegar Barber var 26 ára gamall, samdi hann strengjakvartett sem var fluttur ári síðar í Róm. Að tilstuðlan ítalska hljómsveitarstjórans Arturos Toscanini var annar þáttur kvartettsins, *Adagio*, útsettur fyrir strengjahljómsveit og frumfluttur undir stjórn hans ásamt NBC-sinfóníuhljómsveitinni 1938. Tónsmíðin sem flæðir áfram án togstreitu í tilfinningaríkum samhljómi sorgar og ástríðu lagði heimsbygðina að fótum Barbers. Verkið öðlaðist strax einstakan stall í bandarísku samfélagi og víðar og er oftast en ekki leikið á viðkvæmum stundum þegar orð eru best færð í tónmál. Það kom Barber sjálfum á óvart.

Barber var handhafi amerísku Prix de Rome-verðlaunanna og hlaut hin virtu Pulitzer-verðlaun í tvígang: Fyrst 1958 fyrir óperuna *Vanessa* og síðar píanókonsertinn (1962) sem blés í glæður alþjóðlegrar viðurkenningar. Við vígslu Metropolitan-óperunnar í Lincoln Center 1966 var óperan hans *Antony and Cleopatra* flutt. Verkið féll í grýttan jarðveg og tók Barber sér hlé frá tónsmíðum en sendi síðar frá sér *The Lovers and Fado-graph of a Yestern Scene* (1971) og *Third Essay for Orchestra* sem var frumflutt 1980. Við lát Barbers flutti Sinfóníuhljómsveit San Francisco undir stjórn Erichs Leinsdorf, *Adagio fyrir strengi*, á áskriftartónleikum sínum í janúar 1981 til minningar um tónskáldið sem lést viku fyrr.

## Aaron Copland

Appalachian Spring, svíta



### Tónlistin á Íslandi

Svítan *Appalachian Spring* hefur einungis einu sinni áður verið flutt á tónleikum hljómsveitarinnar. Það var í september árið 1980 undir stjórn Pauls Zukofsky í Háskólabíói. Þetta voru sameiginlegir tónleikar SÍ og Tónlistarskólans í Reykjavík. Á tónleikunum mátti einnig heyrast sínfóníu nr. 4 eftir Tsjajkovskíj og prelúdíu eftir Stravinskíj. Svíta Coplands hljómaði á tónleikum Íslensku hljómsveitarinnar undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar (1990) og Kammersveitar Hafnarfjarðar undir stjórn Arnar Óskarssonar (1994).

Aaron Copland (1900–1990) stóð í stafni þegar kom að kynningu nýrrar amerískrar tónlistar. Hann var í samtökum bandarískra tónskálda og á árunum 1940–1965 var hann máttarstoð sumarskólans í Tanglewood. Meðal lærisveina hans þar var Leonard Bernstein. Copland var óþreytandi í leit sinni að hinum eina sanna ameríska tóni. Þjóðlagastíllinn átti hug hans allan og laglínur hans hljómuðu amerískari en þjóðlögin sjálf. Copland spanna tónmál lands og þjóðar af brennandi áhuga í útsetningum sem báru yfirbragð gagnsæis, jafnvel á munúðarfyllstu andartökunum. Handbragð hans var auðþekkjanlegt og má þar nefna skrif hans fyrir klarínnettíð sem fékk merkimiðann Coplands-klarínnett og hjartnæm hljómsveitarútsetning hans fyrir víólurnar.

Það var hinn almenni tónlistarunnandi sem Copland langaði að tengjast betur. Hann hafði áhyggjur af einangrun tónskálda og einbeitti sér að því að segja hlutina á sem einfaldastan máta. Fyrsta verk hans sem samið var gagnert til að eiga þetta samtal er *El Salón México* (1936) sem byggir á mexíkóskum þjóðlögum og öðlaðist gríðarlegar vinsældir. Í framhaldinu eða á árunum 1938–1944 samdi Copland sín dádústu verk, kúrekaballettana *Billy the Kid* (1938) og *Rodeo* (1942) og svo meistaraverkið, ballettinn *Appalachian Spring* (1944), fyrir Mörthu Graham. Aðalviðfangsefnið er godsögnin um amerísku víðátturnar og hið sammannlega, kynslóðirnar sem koma og fara, sorgir og væntingar venjulegs fólks.

Eftir Copland liggja þrjár útgáfur af *Appalachian Spring*: Upprunaútgáfan fyrir kammersveit, styttri svíta fyrir hljómsveit sem leikin er á tónleikum kvöldsins og svo heildarballettinn endurgerður fyrir stóra hljómsveit. Í hljómsveitarsvítunni, sem þykir meistaralega útsett, er að finna andstæður óþrjótandi tónlistar bæði hljóðrar og tignarlegrar – tónlistar sem aldrei hættir að dansa. Fyrir hljómsveitarsvítuna hlaut Copland Pulitzer-verðlaunin. Svítan öðlaðist sjálfstætt líf og bar hróður Coplands langt út fyrir hefðbundinn hlustendahóp hans.

Hjördís Ástráðsdóttir

# Hljómsveit á tónleikum

12. maí 2016

## 1. FIÐLA

Nicola Lolli  
Zbigniew Dubik  
Gunnhildur Daðadóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Mark Reedman  
Pálína Árnadóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Ágústa María Jónsdóttir  
Andrzej Kleina  
Júliana Elín Kjartansdóttir  
Kristín Björg Ragnarsdóttir

## 2. FIÐLA

Roland Hartwell  
Vera Panitch  
Christian Diethard  
Kristján Matthíasson  
Ingrid Karlsdóttir  
Pascal La Rosa  
Hlín Erlendsdóttir  
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Laufey Jensdóttir

## VIÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Sarah Buckley  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Þórarinn Már Baldursson  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Jónína Auður Hilmarsdóttir  
Ásdís Runólfsdóttir  
Móeiður Sigurðardóttir

## SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir  
Ólöf Sigursveinsdóttir  
Júliana Mogensen  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Margrét Árnadóttir  
Lovisa Fjeldsted

## BASSI

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Dean Ferrell  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

## FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir  
Áshildur Haraldsdóttir  
Martial Nardeau

## ÓBÓ

Matthías Nardeau  
Eydis Franzdóttir

## KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir  
Grímur Helgason  
Ármann Helgason  
Helga Björg Arnadóttir

## SAXÓFÓN

Sigurður Flosason  
Vigdís Klara Aradóttir  
Haukur Gröndal

## FAGOTT

Michael Kaulartz  
Brjánn Ingason  
Rúnar Vilbergsson

## HORN

Stefán Jón Bernharðsson  
Emil Friðfinnsson  
Joseph Ognibene  
Þorkell Jólsson  
Lilja Valdimarsdóttir

## TROMPET

Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Ásgeir Steingrímsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Oddur Björnsson  
David Bobroff, bassabásúna

## TÚBA

Nimrod Ron

## HARPA

Katie Buckley

## PIÁNÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir

## PÁKUR

Eggert Pálsson

## SLAGVERK

Steef van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Árni Áskelsson  
Pétur Grétarsson

Yan Pascal Tortelier aðalhljómsveitarstjóri frá september 2016


Osmo Vänskä aðalgestastjórnandi  
Vladimir Ashkenazy heiðursstjórnandi  
Daniel Bjarnason staðarlistamaður

Anna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri  
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi  
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi  
Grímur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri  
Hjördis Ástráðsdóttir fræðslustjóri  
Kristbjörg Clausen nótna- og skjalavörður  
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri  
Greipur Gíslason verkefnastjóri  
Una Eyþórsdóttir mannauðsstjóri  
Jökull Torfason umsjónarmaður nótna

# STÓRVIRKI



Hér fjallar ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON á aðgengilegan hátt um vestræna tónlistarsögu allt frá kaþólskum kirkju-söng til nýjustu hræringa í tónlist nútímans. *Saga tónlistarinnar* er vegleg bók sem hentar jafnt tónlistarfólki, tónlistarunnendum og tónlistarnemum, sem og öllu áhugafólki um listir og menningu.

